

Starfsreglur um Vísindasjóð SfK

1. grein

Skilgreining á réttindum

Rétt til að fá styrki úr sjóðnum eiga þeir félagar í SfK sem greitt hefur verið fyrir í sjóðinn í 6 mánuði og eru í a.m.k 50% starfi. Fullan rétt öðlast sjóðsfélagar þegar greitt hefur verið fyrir þá í sjóðinn í eitt ár. Fram að þeim tíma miðast upphæðin við starfstíma viðkomandi.

2. grein

Umsóknarfrestur og úthlutanir

Úthlutað er úr sjóðnum ársfjórðungslega, nánar tiltekið í febrúar, maí, september og október. Skila þarf umsókn á þar til gerðu eyðublaði ásamt fylgigögnum til skrifstofu SfK. Umsóknarfrestur er 1. dagur úthlutunarmánaðar.

3. grein

Styrkuppþæð

Uppþæð styrks getur numið 100% af þeim námskostnaði sem um ræðir, þó aldrei hærrí upphæð en kr. 697.000,- á ári nema um sé að ræða styrk samkvæmt 2. mgr. 5. gr. (nám erlendis) eða 6. gr (námslaun). Styrkur frá öðrum aðilum hefur áhrif á styrkuppþæð. Dagpeningar vegna gistikostnaðar koma til frádráttar styrkuppþæð. Þar sem um er að ræða mikinn kostnað við nám umfram bein skólagjöld er stjórn sjóðsins heimilt að styrkja það sérstaklega.

Uppþæðir styrkja miðast við stöðu sjóðsins á hverjum tíma og eru endurskoðaðar árlega í desember í því ljósi.

4. grein

Endurmenntun og námskeið

Sjóðsfélagar geta sótt um styrk til að greiða niður útlagðan kostnað vegna náms- og endurmenntunar innanlands og utan. Skipulögð dagskrá skal vera a.m.k. 4 klst á dag

Hér er um að ræða;

- i. kostnað við námskeið, ráðstefnur, málþing og faglegar, skipulagðar heimsóknir sem tengjast starfi viðkomandi.
- ii. ferðakostnað, þ.e. flug- og aksturskostnað, hótél- og gistikostnað. Ekki er greiddur styrkur vegna fæðiskostnaðar.
- iii. kostnað vegna síma- og tölvunotkunar í tengslum við fjarnám.
- iv. kostnað vegna kaupa á fagbókum.

- v. kostnað vegna tölvukaupa allt að kr. 232.000,- á þriggja ára fresti.
- vi. kostnað vegna námskeiða á sviði tungumála, tölvutækni og samskipta.

Hámarksfjárhæð styrks vegna töluliðar ii er samtals kr. 145.000 innan Evrópu og 174.000 utan Evrópu.

Ekki er veittur styrkur til tómstundanámskeiða. Sjóðsstjórn metur vafatilvik.

5. grein

Nám til ECTS eininga

Sjóðsfélagar geta fengið styrk vegna náms samhliða starfi skv. eftirfarandi:

- i. Innanlands – Styrkir vegna náms innanlands miðast við einingafjölda í framhaldsnámi. Hver eining sem lokið er jafngildir kr. 12.000,-. Námsár = 60 ECTS, allt að kr. 697.000,-
- ii. Erlendis – Styrkir vegna náms erlendis miðast við einingafjölda í framhaldsnámi. Hver eining sem lokið er jafngildir kr. 17.000,-. Námsár = 60 ECTS, allt að kr. 1.045.000,-.

6. grein

Styrkur í launalausú námsleyfi

Námslaun vegna launataps – Sjóðsfélagar sem greitt hefur verið fyrir í sjóðinn í 5 ár eða lengur geta sótt um styrk vegna launataps sem þeir verða fyrir í námsleyfi. Skal slíkur styrkur nema 50% af föstum launum, þó að hámarki kr. 1.161.000,- samtals. Sjóðsfélagi sem fengið hefur slíkan styrk vegna launataps ávinnur sér rétt að nýju fjórum árum eftir styrkveitingu.

7. grein

Greiðsla styrks

Styrkur er ætíð greiddur eftirá. Sé styrks ekki vitjað innan 6 mánaða frá afgreiðslu umsóknar fellur hann niður.

8. grein

Fylgigögn umsóknar

Þau fylgigögn sem nauðsynleg eru til þess að styrkur sé greiddur út eru:

- i. Lýsing á námi, rannsókn, þróunarstarfi, ráðstefnu eða öðru því verkefni sem sótt er um.
- ii. Prófskírteini og/eða staðfesting á þátttöku.
- iii. Frumrit reikninga vegna kostnaðar við verkefnið.
- iv. Upplýsingar um styrki frá öðrum aðilum.
- v. Þegar um er að ræða styrk skv. 6. gr. (laun í námsleyfi) – Staðfesting frá launadeild um launagreiðslur síðastliðið ár.

Sé reikningur glataður að fullu verður stjórn sjóðsins að taka ákvörðun um afgreiðslu styrksins miðað við önnur gögn sem umsækjandi leggur fram.

9. grein
Eingreiðsla

Sjóðsfélagar fá greitt allt að kr. 100.000,- í desember ár hvert til ráðstöfunar vegna sí- eða endurmenntunar.

10. grein
Endurskoðun

Sjóðsstjórn er heimilt að endurskoða starfsreglur sjóðsins ár hvert. Breytingar á starfsreglum skulu kynntar á aðalfundi að undanfarinni samþykkt sjóðsstjórnar og stjórnar SfK. Allar styrkuppþæðir úr sjóðnum taki mið af vísitölu neysluverðs októbermánaðar og endurskoðist árlega í desember fyrir næsta starfsár.

11. grein
Gildistími

Starfsreglur þessar eru settar í stjórn Vísindasjóðs háskólamenntaðra félagsmanna innan SfK 14. júní 2004. Reglurnar hafa verið endurskoðaðar af sjóðsstjórn 28.02.2012, 23.12.2014, 05.06.2015, 19.12.2016 og nú síðast 08.12.2017.

Samþykkt af stjórn SfK 14.12.2017